

Fréttatilkynning:

Ársreikningar Akureyrarbæjar 2009:

Betri afkoma og meiri tekjur en áætlanir gerðu ráð fyrir

Ársreikningar fyrir árið 2009 voru lagðir fram í bæjarráði Akureyrar í dag. Rekstur A- og B hluta, fyrir fjármagnsliði, gekk mjög vel og mun betur áætlanir gerðu ráð fyrir. Sjóðsstreymi var einnig mjög gott. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 1.799 millj. króna en var jákvæð um 1.165 millj. kr. eftir fjármagnsliði. Er það líðlega tveggja milljarða betri afkoma en áætlanir gerðu ráð fyrir en í áætlun samstæðunnar var hallinn áætlaður 899 millj. kr. Helstu ástæður fyrir betri rekstrarangri eru í meginatriðum fjórbættar: hærri tekjur og lægri útgjöld en áætlun gerði ráð fyrir, auk þess lækkaði lífeyrisskuldbinding og söluhagnaður varð við sölu á hlutfé Norðurorku í Þeistareykjum ehf.

Ársreikningurinn er settur fram samkvæmt reikningsskilum sveitarfélaga. Starfsemi er skipt upp í tvo hluta, A-hluta annars vegar og B-hluta hins vegar. Til A-hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Um er að ræða Aðalsjóð, Fasteignir Akureyrarbæjar, Framkvæmdamiðstöð og Eignasjóð gatna. Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins en rekstur þeirra er að stofni til fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtækin eru: Félagslegar íbúðir, Fráveita Akureyrarbæjar, Strætisvagnar Akureyrarbæjar, Öldrunarheimili Akureyrarbæjar, Framkvæmdasjóður Akureyrarbæjar, Bifreiðastæðasjóður Akureyrarbæjar, Hafnarsamlag Norðurlands, Norðurorka hf, Heilsugæslustöðin á Akureyri, Byggingasjóður Náttúrufræðistofnunar og Gjafasjóður Öldrunarheimila Akureyrarbæjar.

Samkvæmt yfirliti um sjóðstreymi nam veltufé frá rekstri 2.246 millj.kr. og handbært fé frá rekstri 2.297 millj.kr. Fjárfestingarhreyfingar námu samtals 2.294 millj.kr. Fjármögnunarhreyfingar námu samtals 1.261 millj.kr. Afborgun langtímalána nam 2.553 millj.kr. Ný langtímalán námu 1.653 millj.kr. Handbært fé sveitarfélagsins í árslok 2.219,4 millj.kr.

Heildarlaunagreiðslur án launatengdra gjalda hjá samstæðunni voru 6.438.503 þúsundir króna. Fjöldi stöðugilda var að meðaltali 1.515 sem er fækkun um 20 frá fyrra ári. Laun og launatengd gjöld sveitarfélagsins, í hlutfalli við rekstrartekjur þess voru 52,9%. Annar rekstrarkostnaður var 30,1% af rekstrartekjum. Skatttekjur sveitarfélagsins voru 412 þús.kr. á hvern íbúa en tekjur samtals 855 þús.kr. á hvern íbúa. Árið 2008 voru skatttekjurnar 383 þús.kr. á hvern íbúa og heildartekjurnar 798 þús.kr.

Eignir sveitarfélagsins í efnahagsreikningi eru bókfærðar á 36.050 millj.kr., þar af eru veltufjármunir 4.301 millj.kr. Skuldir sveitarfélagsins með lífeyrisskuldbindingum nema samkvæmt efnahagsreikningi 23.520 millj.kr., þar af eru skammtímaskuldir 4.581 millj.kr. Veltufjárhlutfallið er 0,94 í árslok, en var 0,98 árið áður. Bókfært eigið fé nemur 12.531 millj.kr í árslok en nam árið áður 4.706 millj. kr. Eiginfjárhlutfall á árlök var 35%.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal fjalla um ársreikninginn á tveimur fundum í sveitarstjórn og verður hann til umfjöllunar í bjarstjórn Akureyrar 27. apríl og 4. maí nk.

Helstu niðurstöðutölur úr rekstrarreikningi og sjóðstreymisyfirliti samstæðureiknings Akureyrarbæjar árið 2009 má sjá í eftirfarandi töflu:

Úr rekstraryfirliti og sjóðstreymisyfirliti fyrir árið 2009:

Þúsundir króna	Niðurstaða	Áætlun
Skatttekjur og framlög Jöfnunarsjóðs	7.240.127	6.980.696
Tekjur málaflokka og rekstrartekjur veitna	7.784.322	7.297.814
Rekstrartekjur samtals	15.024.449	14.278.510
Rekstrargjöld:		
Laun, og launatengd gjöld ásamt breytingu á lífeyrisskuldbindingu	7.661.948	8.125.736
Annar kostnaður	4.525.908	4.219.113
Afskriftir	1.037.758	1.075.071
Rekstrargjöld samtals	13.225.614	13.419.920
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða	1.798.835	858.590
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld ásamt áhrifum af dóttur- og hlutdeildarfélagum	(454.462)	(1.708.515)
Tekjuskattur ársins	179.043	48.422
Rekstrarniðurstaða	1.165.330	(898.347)

Veltufé frá rekstri	2.246.659	1.085.114
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjámunum	2.192.467	2.625.200
Handbært fé í árslok	2.219.445	1.241.771

Efnahagsreikningur

Helstu niðurstöðutölur samstæðu efnahagsreiknings 31. desember 2009 má sjá í töflu hér að neðan og til samanburðar eru sambærilegar tölur fyrir árið 2008.

Helstu niðurstöðutölur efnahagsreiknings í árslok 2009 og 2008

Þúsundir króna

Eignir	31. des. 2009	31. des. 2008
Öefnislegar eignir	247.298	275.959
Fastafjármunir	29.459.445	20.627.882
Veltufjármunir	4.301.018	5.028.619
Áhættufjármunir og langtímaskuldir	2.042.632	1.907.049
Eignir samtals	36.050.393	27.839.509
Eigið fé og skuldir		
Skammtímaskuldir	4.581.191	5.079.790
Langtímaskuldir	17.796.837	16.560.948
Lífeyrisskuldbindingar	1.141.756	1.492.554
Eigið fé	12.530.609	4.706.217
Eigið fé og skuldir samtals	36.050.393	27.839.509

Á árinu breytti Akureyrarbær reikningsskilaaðferðum sínum í samræmi við álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga, nr 1/2010 og 2/2010, sbr, skýringu 21 í ársreikninginum, varðandi færslu leigusamninga fasteigna og færslu á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Breytingin felur í sér jákvæð áhrif á eigið fé sem nemur 4.421 millj. kr

Meðfylgjandi er einnig úr skýringum með ársreikninginum, þar sem fram kemur heildaryfirlit um rekstur, yfirlit um lykiltölur og hvernig heildartekjur og gjöld í hlutfalli við tekjur greinast síðustu 3 ár á verðlagi hvers árs í þúsundum króna.

Heildaryfirlit um rekstur

25. Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Áætlun
Skatttekjur		7.709.418	7.709.418	7.443.000
Félagspjónusta	2.290.110	1.428.809	(861.301)	(957.576)
Heilbrigðismál	17.752	0	(17.752)	(18.212)
Fræðslumál	4.722.741	477.717	(4.245.024)	(4.285.776)
Menningarmál	566.539	169.366	(397.173)	(391.755)
Æskulýðs- og iþróttamál	1.454.732	361.241	(1.093.491)	(1.114.951)
Brunamál og almannavarnir	330.133	177.725	(152.408)	(142.608)
Hreinlætismál	179.416	134.428	(44.988)	(52.211)
Skipulags- og byggingarmál	121.757	27.296	(94.461)	(99.795)
Samgöngumál	459.773	25.164	(434.609)	(427.976)
Umhverfismál	168.864	8.529	(160.335)	(160.063)
Atvinnumál	174.286	102.764	(71.522)	(77.624)
Sameiginlegur kostnaður	685.646	213.940	(471.706)	(497.166)
Breyting lífeyrisskuldbindinga	(299.339)	0	299.339	(90.000)
Fjármagnsliðir	83.918	1.474.439	1.390.521	1.129.334
Aðalsjóður samtals	10.956.328	12.310.837	1.354.508	256.621

25. Frh.

A hluta stofnanir:	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Áætlun
Eignasjóður gatna	134.340	126.047	(8.293)	(24.555)
Fasteignir Akureyrarbæjar	2.903.293	1.831.986	(1.071.307)	(1.145.590)
Framkvæmdamiðstöð	459.183	350.190	(108.993)	(71.266)
Innri færslur A hluta	(2.491.663)	(2.491.663)	0	0
A hluti samtals	11.961.481	12.127.396	165.915	(984.790)
B hluta fyrirtæki:				
Bifreiðastæðasjóður	14.434	13.344	(1.090)	(4.904)
Byggingasjóður Náttúrufræðistofnunar	(1.468)	0	1.468	460
Félagslegar íbúðir	322.460	206.109	(116.351)	(124.852)
Framkvæmdasjóður	50.855	0	(50.855)	(25.689)
Fráveita	286.943	266.459	(20.484)	(18.254)
Gjafasjóður Öldrunarstofnunar	3.224	2.511	(713)	(1.741)
Hafnasamlag Norðurlands b.s.	233.232	268.739	35.507	17.851
Heilsugæslustöðin á Akureyri	558.727	543.665	(15.062)	(7.439)
Norðurorka hf.	1.000.789	2.199.384	1.198.595	253.453
Strætisvagnar Akureyrar	166.379	163.077	(3.302)	(2.441)
Öldrunarheimili	1.523.838	1.495.540	(28.298)	0
Innri færslur A og B hluta	(787.336)	(787.336)	0	0
A og B hluti samtals	15.333.558	16.498.888	1.165.330	(898.347)

Lykiltölur

47. Yfirlit um lykiltölur:

	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	Ársreikningur	Áætlun	Ársreikningur	Áætlun
Í hlutfalli við rekstrartekjur:				
Skatttekjur	58,8%	59,7%	41,4%	42,2%
Framlög jöfnunarsjóðs	9,5%	9,4%	6,7%	6,7%
Aðrar tekjur	31,7%	30,9%	51,8%	51,1%
Laun og launatengd gjöld	53,4%	60,6%	51,0%	56,9%
Laun og launatengd gjöld án breytinga lífeyrisskuldbindinga	56,3%	59,8%	52,9%	56,1%
Annar rekstrarkostnaður	33,7%	33,8%	30,1%	29,5%
Fjármagnsliðir, nettó	6,6%	10,0%	2,7%	12,0%
Rekstrargjöld	93,7%	104,4%	83,8%	98,4%
Rekstramiðurstaða	1,6%	-9,7%	7,8%	-6,3%
Í þúsundum króna á íbúa:				
Skatttekjur og jöfnunarsjóður	414	399	412	397
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	193	179	443	416
Tekjur samtals	607	578	855	813
Rekstrargjöld, fjármagnsliðir og skattar	597	634	789	864
Rekstramiðurstaða	10	(56)	66	(51)
	2009	2008	2009	2008
Eignir	1.346	1.055	2.053	1.589
Eigið fé	518	257	713	269
Skuldir og skuldbindingar.....	829	798	1.339	1.321
Aðrar lykiltölur:				
Veltufjárhlutfall.....	1,01	1,29	0,94	0,99
Eiginfjárhlutfall.....	0,38	0,24	0,35	0,17
Breyting á íbúafjölda:				
Íbúafjöldi 1. desember	17.563	17.522	17.563	17.522

48. Heildartekjur sveitarfélagsins og heildargjöld í hlutfalli af heildartekjum greinast þannig, í þúsundum króna, á verðlagi hvers árs.

Tekjur	2009	Hlutfall af heildart.	2008	Hlutfall af heildart.	2007	Hlutfall af heildart.
Útsvör	5.319.843	35,4%	4.943.307	35,4%	4.494.964	34,1%
Fasteignaskattur	907.668	6,0%	724.456	5,2%	583.460	4,4%
Framlög úr jöfnunarsjóði sveitarf. ...	1.012.616	6,7%	1.037.307	7,4%	1.071.634	8,1%
Skatttekjur	7.240.127	48,2%	6.705.070	48,0%	6.150.058	46,7%
Þjónustutekjur	3.378.881	22,5%	3.224.941	23,1%	2.993.938	22,7%
Eignatekjur	643.388	4,3%	630.863	4,5%	718.225	5,5%
Endurgreiðslur	2.172.099	14,5%	3.393.761	24,3%	3.194.884	24,3%
Aðrar tekjur	1.589.954	10,6%	23.149	0,2%	108.099	0,8%
Heildartekjur samtals	15.024.449	100,0%	13.977.784	100,0%	13.165.204	100,0%

Gjöld

Launaliðir	7.661.948	51,0%	7.749.071	55,4%	6.767.132	51,4%
Annar rekstrarkostnaður	4.525.908	30,1%	4.883.732	34,9%	4.682.002	35,6%
Afskriftir	1.037.758	6,9%	985.903	7,1%	955.943	7,3%
Fjármagnsliðir, nettó	400.418	2,7%	5.429.994	38,8%	(900.220)	(6,8%)
Áhrif dótturfélaga	23.835	0,2%	6.675	0,0%	612	0,0%
Áhrif hlutdeildarfélaga	30.209	0,2%	154.700	1,1%	(5.300)	0,0%
Skattar	179.043	1,2%	(167.288)	(1,2%)	80.453	0,6%
	13.859.119	91,1%	19.042.787	136,1%	11.580.622	88,1%
Rekstramiðurstaða	1.165.330	7,8%	(5.065.003)	(36,2%)	1.584.582	12,0%

Í þúsundum króna á íbúa:

Íbúafjöldi	17.563		17.522		17.253
Heildartekjur	855		798		763
Skatttekjur á íbúa	412		383		356
Launaliðir	436		442		392
Annar kostnaður og afskriftir	317		335		327
Fjármagnsliðir, nettó	23		310		(52)

Akureyri, 21. apríl 2010

Nánari upplýsingar veitir Dan Brynjarsson, fjármálastjóri, í síma 460 1000.